

Málfræði skógarins

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Læra og geta greint: fallorð (gr. no. lo. fn. to), sagnorð, stofn þeirra og rætur, beygingar og breytingar. Geti unnið með margvísleg efni skriflega og myndrænt. Fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Íslenska og náttúrufræði.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Búið til stórt tré, laufkróna, stofn og rætur. (no. lo. so), skógarbotn með ýmsum lággróðri (fornafnaflokkarnir), sveppir og fleira.

Farið í skógarferð og spjallað. Þá fara einstaklingar í könnunarleiðangur með síma eða spjaldtölvu. Fyrst eru skráð nafnorð í 10 mín., þá lýsingarorð í aðrar tíu og loks sagnorð um það sem hægt er að gera í skógi. Þegar komið er til baka eru upplýsingarnar fluttar yfir í stílabók eða tölvu. Þá má bæta við ef einhver vill. Síðan er unnið í hópum og orð hvers og eins borin saman og ákveðið hvaða orð skuli nota í tréð - engir tveir með sama orð. Þá er unnið með laufblöð í mismunandi litum (eftir orðflokki) með orðflokki og orði. Þau eru síðan fest á vegg með kennaratyggjói og þannig útbúin þétt laufkróna.

Síðan er hægt að vinna með rót orðanna - útbúin lítil blöð fyrir stofn hvers orðs, hann skráður og þau síðan fest neðst á vegginn sem rætur. Gott að leggja mikið upp úr að gera fallegt tré og gott trjálag. Í framhaldinu er unnið með stofn orðanna á brúnan pappír og úr honum myndaður stofn trésins. Þá setjum við á langan brúnan renning nafnháttarmerkið „að“, aftur og aftur sem jarðveg á milli stofnsins og rótanna.

Að lokum gerð gras- eða bómplanta með fimm laufum fyrir persónufornöfn. Kölluð kvenfélagsplantan. Afturbeygt (sig) á ýlustrá, eignarfornöfn á fimm blaða burkna, beygð í föllum, kyni og tölu. Laufin síðan krulluð með skærum.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Fallorð, stílabækur, ritföng, m.a. penni og tússpenni, skæri, lím, marglitur kartonpappír, marglitur pappír, maskínupappír, vax- og tússlitir. Mályrkja 1 og vinnubækur 1 og 2 með henni.

Bókin „Ég greini tré“, náttúrufræðiverkefni, kennarahandbók um náttúrudýr.

Tillaga til breytinga: „Kvenfélagsblómið“. Persónufornöfnunum verði breytt í handstrengjött blað, mótað eftir höndum nemenda - þumalfingur 1. pfn. (bendir á mig) vísifingur 2. pfn. (bendir á þig) langatöng, baugfingur og litli fingur eru fjölskyldan 3. pfn. hann, hún og það (barnið).